

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 116,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 609/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

#### Raforkugjöld.

A. Almennir taxtar.

- A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:
- |                     |              |
|---------------------|--------------|
| Orkugjald .....     | 1,80 kr/kWh  |
| Lágmarksgjald ..... | 648,00 kr/ár |
- A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
- |                     |              |
|---------------------|--------------|
| Orkugjald .....     | 2,70 kr/kWh  |
| Lágmarksgjald ..... | 648,00 kr/ár |

B. Afltaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

Aflgjald .....	2 150,00 kr/kW/ár
Orkugjald .....	0,43 kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafli 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki Rafmagnsveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:

Aflgjald .....	9 225,00 kr/kW/ár
----------------	-------------------

Lýsing þessi stýrist af stjórnþúnaði Rafmagnsveitunnar. Auk orkukostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

## C Hitunartaxtar.

## C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

Fast gjald .....	1 946,00 kr/ár
Orkugjald .....	1,06 kr/kWh

## C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

Orkugjald .....	0,45 kr/kWh
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.	

## C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:

Orkugjald .....	0,26 kr/kWh
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.	

## 3. gr.

**Mælaleiga.**

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

	Kr.
Orkumælir, einfasa .....	121,25
Orkumælir, þrífasa .....	483,75
Orkumælir, þrífasa með straumspennum .....	816,00
Aflmælir .....	789,00
Aflmælir með straumspennum .....	1 242,00
Tvígjaldsorkumælir .....	789,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum .....	1 242,00
Móttökuliði, einpóla .....	544,00
Móttökuliði, þrípóla .....	789,00

Leiga skal þó ekki greidd af tækjum, sem notuð eru við rafmagnssölu samkvæmt liðum A.1, A.2 og C1.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

## 4. gr.

**Heimtaugagjöld.**

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðaltaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

## 4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld	Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A 1-fasa	kr. 10 225,00	315 A 3-fasa	kr. 55 375,00
63 A 3-fasa	kr. 11 100,00	400 A 3-fasa	kr. 70 250,00
100 A 3-fasa	kr. 17 500,00	710 A 3-fasa	kr. 124 625,00
200 A 3-fasa	kr. 35 125,00	1 200 A 3-fasa	kr. 211 250,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

## 4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loflína kr/stólpa
63 A 1-fasa	kr. 1 975,00	295,00	3 737,00
63 A 3-fasa	kr. 2 787,00	295,00	4 337,00
100 A 3-fasa	kr. 2 950,00	385,00	4 975,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.
- 4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, Rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

### Ýmis ákvæði.

#### 5. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

#### 6. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

#### 7. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafmagnsveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 141,00 kr.

#### 8. gr.

Fyrir tengingu ásamt afltengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 265,00 kr.

#### 9. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 265,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

## 10. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

## 11. gr.

Söluskattur 23,50% og verðjöfnunargjald 19%, samkvæmt lögum, er innfalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í C-liðum.

## 12. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

## 13. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, til að taka gildi 5. nóv. 1982, með tilvísun til auglýsingar nr. 610/1982 um hækkun smásöluverðs raforku. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 515 frá 16. ágúst 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði, er hér segir:

#### A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli 10 181,00 kr/kW/a. Notandi greiði að auki stofn- og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunnar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins. Lýsingin stjórnast að jafnaði af ljós- nema- og fjarstýritækjum rafveitunnar. Henni er heimilt að láta loga á öðrum tímum vegna viðgerða, viðhalds og eftirlits á kerfinu.
2. 2,00 kr/kWh. Séu lampar ófasvixsjafnaðir er heimilt að hækka orkugjald um 15%. Sjá lið 3.5.